

**II. Undanþágur.**

1. Vinnuvélar og dráttarvélar, sem notaðar eru við framkvæmdir, viðhald eða snjóruðning á einhverjum af ofangreindum vegum, þurfa ekki að sæta takmörkunum á viðkomandi vegarkafli.
2. Vinnuvélar og dráttarvélar verða ekki háðar ofangreindum takmörkunum, þegar almennur snjóruðningur á vegum er í gangi, enda sé færð á vegum erfið.

**III. Skilgreiningar.**

Vinnuvél og dráttarvél skilgreinist á sama hátt og í umferðarlögum með þeirri áréttingu, að undanskilin eru þau tæki, sem skilgreind eru sem bifreiðar af Bifreiðaskoðun Íslands. Auglýsing þessi tekur gildi 1. júlí 1992.

*Lögreglustjórinn í Reykjavík, 20. maí 1992.*

**Böðvar Bragason.**

1. júní 1992

Nr. 202

**AUGLÝSING****um hækkun bifreiðagjalds þann 1. júlí 1992.**

Með vísan til 5. gr. laga nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, sbr. 6. gr. reglugerðar nr. 590/1987, um bifreiðagjald, með síðari breytingum, tilkynnist hér með að grunngjöld bifreiðagjalds og lágmarksgjald vegna nýskráðra bifreiða verða þann 1. júlí 1992 sem hér segir:

Fyrir hvert kílógramm af eigin þyngd 4,33 kr.

Fyrir hvert kílógramm umfram 1000 kg skal greiða að auki 2,17 kr.

Þó skal aldrei greiða lægra gjald en 2 214 kr., né herra gjald en 12 729 kr.

Lágmarksgjald vegna nýskráningar skal vera 877 kr.

*Fjármálaráðuneytið, 1. júní 1992.*

**Indriði H. Þorláksson.**

*Rúnar Hannesson.*

26. maí 1992

Nr. 203

**SKIPULAGSSKRÁ****Styrktarsjóðs heilbrigðisstofnana í Vestur-Barðastrandarsýslu.**

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður heilbrigðisstofnana í Vestur-Barðastrandarsýslu. Heimili hans og varnarþing er í Vestur-Barðastrandarsýslu.

2. gr.

Stofnfé sjóðsins kemur úr dánarbúi Einars B. Bjarnasonar frá Hreggsstöðum og nemur kr. 450 000,00. Stofnféð má aldrei skerða og skal ávallt leggja við það ¼ hluta vaxta af því og allar verðbætur af því.

## 3. gr.

Markmið sjóðsins er að efla og styrkja heilbrigðisþjónustu í Vestur-Barðastrandarsýslu við Sjúkrahúsið Patreksfirði, Heilsugæslustöðina Patreksfirði, Heilsugæslustöðina Bíldudal og aðrar heilbrigðisstofnanir eða heilbrigðisstarfsemi sem á fót kunna að verða settar í sýslunni, með tækjakaupum eða á annan hátt.

Til ráðstöfunar hefur sjóðurinn allt það fé er honum áskotnast að frátöldu stofnfé og vöxtum og verðbótum af því samkvæmt 2. gr.

## 4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Oddviti héraðsnefndar Vestur-Barðastrandarsýslu og er hann formaður, framkvæmdastjóri Sjúkrahússins Patreksfirði og yfirlæknir Heilsugæslustöðvarinnar Patreksfirði.

Stjórnin heldur fundargerðarbók um ákvarðanir sínar og samþykktir. Áður en ákvörðun er tekin skal leitað faglegrar umsagnar.

Endurskoðendur héraðsnefndar Vestur-Barðastrandarsýslu eru endurskoðendur sjóðsins.

## 5. gr.

Sjóðsstjórnin skal varðveita eignir sjóðsins. Sjóðinn skal ávaxta í bankastofnunum í sýslunni með þeim hætti sem sjóðsstjórnin er sammála um að telja megi örugga og arðvænlegasta hverju sinni.

## 6. gr.

Tekjur sjóðsins eru vextir, verðbætur, styrkir, gjafir og áheiti er honum berast. Ef einhver hluti tekna sjóðsins er af gefanda ætlaður ákveðinni stofnun er stjórninni skylt að halda sérstaka reikninga í efnahagsreikningi sjóðsins yfir séreign hverrar stofnunar.

## 7. gr.

Stjórn sjóðsins getur með samþykki allra stjórnarmanna ákveðið að breyta skipulagsskrá sjóðsins eða leggja sjóðinn niður. Fari svo að sjóðurinn verði lagður niður, skal eignum sjóðsins varið með þeim hætti sem boðið er í 3. gr.

## 8. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. maí 1992.*

F. h. r.  
**Jón Thors.**

*Fanney Óskarsdóttir.*